

Athugun á fiski í Skjaldatjörn
í Landbroti.

Magnús Jóhannsson

Selfossi, febrúar 1989. VMST-S/89002X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - SUÐURLANDSDEILD
Eyrarvegi 21, 800 Selfossi.

ATHUGUN A FISKI Í SKJALDATJÖRN Í LANDBROTI.

Samantekt.

Skjaldatjörn er um 5 ha. grunnt vatn í ofanverðu Landbroti. Veitt var í tilraunanet og álagildru í um 1/2 dag. Afli varð 36 urriðar og 2 bleikjur. Að meðaltali veiddi hvert net um 8 fiska sem vógu í heild 2 kg. Urriðarnir voru 19-44 sm og 46-740 g. Bleikjurnar voru 33 sm og um 300 g. Aldur urriðanna var frá 1-6 ár (tafla 2). Flestir reyndust 2 og 4 ára. Vöxtur virðist góður. Tveir urriðar voru kynþroska einn 4 ára og 35 sm hængur og ein 4 ára og 42 sm hrygna. Vaxtarmynstur á hreistri benti ekki til að urriðarnir hafi gengið í sjó. Bleikjurnar voru 3 ára 33 sm og ókynþroska. Holdarfar urriðanna var undir meðallagi en holdalitur góður. Gefnar eru ráðleggingar um nýtingu vatnsins.

Inngangur.

Þann 1. september var 1988 var farið til athugunar á Skjaldavatni í Landbroti. Athuginin var gerð að beiðni Eypórs Valdimarssonar landeiganda.

Skjaldatjörn er um 5 ha. grunnt vatn í ofanverðu Landbroti. Mikill gróður er í vatninu og nær hann víða á yfirborðið. Víðast hvar er leðja í botni. Úr vatninu fellur vatnslítill lækur í Skaftá, um 100 m leið. Útrennslið var stíflað sl. vor og við það hækkaði nokkuð í vatninu. Engin veiði hefur verið stunduð um langt árabil í vatninu. Fyrir mörgum árum var veiddur áll í gildirur.

Framkvæmd.

Lögð voru fjögur net með mismunandi möskvastærðum ; 19,5 mm, 21,5 mm, 26,0 mm, og 28,0 mm. Þessi netaruna veiðir best fiska á lengdabilinu 19-27 sm og ætti því að gefa þökkalega mynd af hlutfallslegum fjölda fiska í vatninu á því lengdabili. Auk þess var veitt í álagildru. Veiðarfærin lágu í um 1/2 dag. Aflinn var veginn, lengdarmældur, kyn greint og kynþroski metinn. Fæða var athuguð og magafylli og holdalitir metin. Safnað var hreistri og kvörnum til aldursákvörðunar. Reiknaður var út holdastuðull, sem er hlutfall þyngdar og lengdar.


Niðurstöður og ályktanir.

Afli varð 38 fiskar, 36 urriðar og 2 bleikjur. Þrjátíu og fjórir veiddust í net og 4 í álagildru. Samtals vóg aflinn 10,6 kg þar af úr netunum 8,0 kg. Að meðaltali veiddi hvert net um 8 fiska sem vögu í heild 2 kg. Þetta telst góður afli á svo stuttum tíma.

Í töflu 1 er settur upp afli og meðallengd fiska sem veiddust í mismunandi möskvastærðir. Mestur afli varð í minnstu möskvana. Grófríðnari net veiddu að jafnaði stærri fiska en þau fínriðnari.

Tafla 1. Afli og meðallengd eftir möskvastærð.

Möskvastærð (mm)	Afli			
	Urriði		Bleikja	
	Fjöldi	Lengd. (sm)	Fjöldi	Lengd. (sm)
19,5	6	23,4	0	-
21,5	16	30,7	0	-
26,0	3	28,7	1	33,0
28,0	7	32,9	1	33,0
Samtals	32		2	



Mynd 1. Lengdardreifing afla úr Skjaldavatni.

Urriðarnir voru 19-44 sm (mynd 1) og 46-740 g. Bleikjurnar voru 33 sm og um 300 g. Þar sem netin sem veitt var með veiða illa stærri urriða en 27 sm má reikna með að hlutfallslega sé meira af stærri silungi í vatninu en fékkst í tilraunaveiðunum. Aldur urriðanna var frá 1-6 ár (tafla 2). Flestir reyndust 2 og 4 ára. Vöxtur virðist góður. Tveir urriðar voru kynþroska einn 4 ára og 35 sm hængur og ein 4 ára og 42 sm hrygna. Vaxtarmynstur á hreistri benti ekki til að urriðarnir hafi gengið í sjó.

Tafla 2. Meðallengd, og meðalþyngd og fjöldi (í sviga) urriða eftir aldri.

	Aldur ár					
	1	2	3	4	5	6
Meðall. (sm)	19,0 (1)	22,5 (12)	32,4 (4)	35,8 (10)	(0)	44,0 (1)
Meðalþ. (g)	66,0 (1)	108 (11)	325 (4)	426 (10)	(0)	730 (1)

Bleikjurnar voru báðar 3 ára og ókynþroska.

Aðalfæða urriðanna var hornsíli en þeir höfðu einnig tekið vatnabobba (kuðungur) og vorflugulirfur og rykmýslirfur. Í bleikjunum fannst aðeins vatnabobbi. Hornsíli er ágæt fæða fyrir urriðann. Magafyllin var fremur lág eða að meðaltali um 39 %. Holdarfar urriðanna var einnig fremur lágt. Meðalholdastuðull var 0,92 en holdastuðull urriða í meðalholdum er um 1,00. Holdalitir stærri urriðanna var rauður og litu þeir út fyrir að vera ágæt vara. Holdastuðull bleikjanna var 0,8.

Það er ljóst að töluvert af urriða er í vatninu. Líklega er helst til þétt á honum. Meiri veiði væri því til bóta. Ef nýta á vatnið með netum er best að veiða þann fisk sem er að verða kynþroska þ. e. 35-40 sm urriða og nota til þess um 40 mm net (1 1/2"). Líklega er óhætt að veiða 100-150 kg af silungi árlega. Nýting með stangveiði kemur einnig til greina. Vatnið er hinsvegar grunnt og í því mikill gróður sem hentar illa fyrir stangveiði. Gróður er hægt að losa með því að bregða vír um ákveðið svæði og draga (t.d. með spili) í land. Allan gróður sem þannig losnar þarf að fjarlægja svo ekki verði rotnun á botni sem gæti valdið súrefnisskort. Vert er að hafa í huga að við að fjarlægja botngróður hverfur einnig næring fyrir þau fæudýr sem urriðinn lifir á. Þess vegna er best að fara varlega í að fjarlægja gróður og gera það á takmörkuðum svæðum. Dýpkun með vélgröfu kemur og til greina en hætt er við að það verði of kostnaðarsamt. Til bóta var að hækka í vatninu og það mætti reyna frekar.

Hrygningarskilýrði í Skjaldatjörn virðast léleg og því möguleiki að silungur sé kominn í vatnið úr Skaftá. Stífla getur hindrað fiskför um ósinn. Því væri rétt að hafa rás framhá stíflu þar sem fiskur kæmist um. Framleiðsla vatnsins myndi aukast að mun ef fiskur gengi úr því til sjávar. Við að ganga í sjó eykst vaxtarhraðinn vegna meira fæðuframboðs. Í raun myndi vatnið framleiða silungsseiði sem gengju til sjávar og aðalvöxtur þeirra yrði í sjónum. Útrennsli úr vatninu er lítið og líklega ekki nægt fyrir uppgöngu á stærri fiski. Athugandi er hvort ekki sé hægt að auka það.

Auk silungs er líklegt að veiða megi ál í vatninu. Best er að veiða stóran ál (stærri en 45 sm) sem er á leið til sjávar (bjartál). Gildrum yrði þá komið fyrir í eða við útrennslið. Slíkur ál er gjarna reyktur. Aðalgöngur bjartáls eru að hausti. Einnig er hægt að veiða smærri ál en hann er ekki eins viss markaðsvara.

Rétt er að halda skýrslu um veiðar í vatninu svo hægt sé að gefa frekari ráðgjöf um nýtingu þess.